

Guðný Zoëga

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags skólasvæðis á Hvammstanga



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2019/216

Forsíðmynd: Horft yfir hluta skipulagssvæðisins sunnan Syðri-Hvammsár.



© Guðný Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga
2019/216

Inngangur

Í tölvupósti, dagsettu 29.04.2019, fór sveitarfélagið Húnaþing vestra þess á leit við fornleifadeild Bygðasafns Skagfirðinga að hún tæki að sér fornleifaskráningu vegna deiliskipulags umhverfis leik- og grunnskóla á Hvammstanga.

Vettvangsskráning fór fram 9. maí 2019 og var unnin af Guðnýju Zoëga fornleifafraeðingi og Bryndísi Zoëga, landfræðingi. Skýrslugerð var í höndum Guðnýjar.

Við þökkum heimildamönnum okkar Stefáni Þórhallssyni og Þórði Skúlasyni fyrir veittar upplýsingar.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2030.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornminjar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar en lögin má nálgast má á vefsíðu Alþingis.¹

Í 16. gr. laganna segir „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.,,

Í 24. gr. Laganna segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem

¹Skoðað 22.05.2016. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Skv. 3.gr. laganna nær skilgreiningin fornminjar yfir forngripi annarsvegar og fornleifar hinsvegar. „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum síð, skipsflök eða hlutar þeirra.“

kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðafræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum viðeigandi ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslu fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. framkvæmdum eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar www.minjastofnun.is

Unnið var eftir loftmyndum og uppmælingargögnum sem fengin voru frá Teiknistofu Norðurlands. Þar sem engar minjar fundust á vettvangi fylgir ekki með kort yfir minjar á svæðinu eða hnitalisti en aftast í skýrslu er hinsvegar uppráttur frá Teiknistofu Norðurlands af útmörkum deiliskipulagssvæðisins .

Samantekt og niðurstöður

Þéttbýlið Hvammstangi byggðist upp í landi jarðanna Kirkjuhvamms og Syðri-Hvamms og skipti Syðri-Hvammsá löndum. Deiliskipulagssvæðið var bæði norðan og sunnan Syðri-Hvammsár og er því í löndum beggja jarða. Svæðið liggur nokkru neðar en bæjarstæði jarðanna og utan heimatúna. Á elsta korti sem til er af þéttbýlinu, frá 1912², eru engar sýnilegar byggingar innan skipulagsreitsins og heimildamenn könnuðust ekki við fornleifar á svæðinu. Við vettvangsferð sem farið var þann 9. maí fundust heldur engar minjar sem teljast til fornleifa skv. lögum. Fornleifar höfðu áður verið skráðar á hluta svæðisins vegna væntanlegrar íbúðabyggingar³ en allar minjar sem fundust liggja utan deiliskipulagsmarkanna sem hér voru til athugunar. Auk þess hafa fornleifaskráningar á deiliskipulagsstigi farið fram á bæjarstæði Kirkjuhvamms⁴ vegna væntanlegst golfvallar og einnig umhverfis hafnarsvæðið.⁵ Tvær seinni skýrslurnar ná ekki yfir deiliskipulagssvæðið sem um ræðir.

Elsta loftmynd af Hvammstanga, sem aðgengileg er á heimasíðu Landmælinga, er frá 1974.⁶ Þar má sjá tvö hús innan skipulagsreitsins sem nú eru horfin. Samkvæmt Þórði Skúlasyni sem hefur tekið saman sögu og byggingarár húsa á Hvammstanga, var annað húsanna, svokölluð Gufubaðstofa (síðar

²https://atlas.lmi.is/soguleg_gogn/herforingjarad_frumgogn_myndir/baejarteikningar/Baejarteikningar_jpg_veflausn/B33L033.jpg

³Skoðað 22.05.2019 <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsóknarsk100-149/bsk-2011-118-hvammstangi.pdf>

⁴Skoðað 22.05.2019 <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsóknarskýrslur50-99/bsk-2007-60-hvammstangi.pdf>

⁵Skoðað 22.05.2019 https://www.hunathing.is/static/files/Skipulag/Deilisk/Hafnarsv/fornleifar_hvammstangahofn-2017_prent.pdf

⁶Skoðað 22.05.2019 <https://www.lmi.is/landupplýsingar/loftmyndasafn-2-2/>

Gufunes), byggt 1939 en hitt húsið fjárhús byggt eftir 1950. Þessi hús teljast því ekki til fornleifa. Innan skipulagssvæðis er einnig lystigarður sem var í umsjón kvenfélagsins Bjarkar en samkvæmt upplýsingum frá Teiknistofu Norðurlands mun til hans stofnað á sjötta áratug 20. aldar.

Þó svo að engar fornleifar hafi fundist við skráninguna ber að benda á að minjar sem ekki sjást á yfirborði geta leynst neðanjarðar. Ef minjar koma í ljós við framkvæmdir ber, skv. 24. grein laga um menningarminjar, að stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands.

Heimildir

Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Pétur Jónsson (2007). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Kirkjuhvammi, Hvammstanga*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2007/60.

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2011). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hvammstanga*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2011/118.

Óskar Leifur Arnarson og Sólveig Hulda Benjamínsdóttir (2017). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á hafnarsvæði Hvammstanga, Vestur-Húnavatnssýslu*. Patreksfirði.

